

Aðalstjórnarfundur UMFT

12. janúar. 2012

Mættir voru: Gunnar Þór, Magnús, Bertína og Inga Huld

1. Formaður minnti á Minningasjóð Rúnars Inga Björnssonar. Aðalstjórn vill hvetja afreksfólk og afrekshópa til að sækja um í sjóðinn. Farið verður yfir umsóknir fyrir aðalfund og úthlutun fer svo fram á fundinum. Minna þarf á sjóðinn á heimasíðu félagsins.
2. Rætt var um Velferðarsjóð íþróttahreyfingarinnar í Skagafirði. Farið var yfir það hvernig veitt er úr honum. Minna þarf þjálfara á sjóðinn og hvetja þá til að vera vakandi fyrir slíkri þörf. Minna þarf á sjóðinn á heimasíðu félagsins.
3. Stefnt er að því að halda Aðalfund UMFT 1. mars n.k. Fundartími auglýstur þegar nær dregur.
4. UMSS fær 9 milljóna króna styrk frá Sveitarfélaginu fyrir árið 2012, sem skiptist niður á félögin eins og verið hefur.
5. Sparisjóðurinn hefur sýnt vilja til að endurnýja styrktarsamning sem rann út um áramótin. Formaður vinnur áfram með málið.
6. Stefnt er að því að setja reglulega inn fréttir frá aðalstjórn inn á síðu aðalstjórnar og hefur Inga Huld tekið það að sér.
7. Ákveðið var að hafa samband við N1 og óska eftir nýju „fjáröflunarblaði“, líkt og þeir sendu okkur í fyrra. N1 býður ýmis tilboð sem henta vel sem fjáröflun fyrir deildirnar.
8. Söfnun félagsmanna í Tindastól er enn ólokið. Nú er það foreldrafélag skíðadeildarinnar sem hefur tekið að sér að ganga í hús og safna félagsmönnum og bjóða N1 kortið um leið (samstarfssamningur Tindastóls og N1).
9. Bertína vinnur að uppgjöri fyrir árið 2011 og mál því tengdu voru rædd á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Inga Huld Þórðardóttir, ritari.